


Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 08.04.2010	Vélfræði 313 (VFR 313) Kennsluáætlun haustönn 2010	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Nafn kennara:	Elías Þorsteinsson	Sk.stöfun:	ELÍ
----------------------	---------------------------	-------------------	------------

Um áfangalýsingu vísast í námskrá en hana má einnig finna á <http://www.vma.is/namid/> eða í Gæðahandbók. Um vikudaga og tímasetningu innan hvernar viku vísast til stundatöflu sem afhendist í byrjun annar.

ÁFANGALÝSING:

Lesin er bókin (ljósrit) Skibsdampkedler eftir CKC. Reykrörskatlar, vatnsrörskatlar, afgaskatlar, brennarar og eldsneytiskerfi katla, fæðivatnskerfi, tæringartegundir. Kynnt hvað átt er við með eimunarvarma, rökum eim, mettuðum eim og yfirhituðum eim. Hreinsibúnaður fyrir katla.

ÁFANGAMARKMIÐ:

Að nemandi geti séð um rekstur eimkatla.

Að nemandinn þekki öryggisbúnaðinn sem er hafður á kötlum og kunni að meðhöndla hann.

Að nemandinn viti um mikilvægi þess að ketilvatnið valdi ekki skaða á katlinum.

Að nemandinn kunni að kynda ketilinn svo að sem best nýtni náist.

Að nemandinn kunni á búnað, sem hreinsar reyk frá kötlum.


KENNSLUÁÐFERÐ:

Nemendur lesi kennslubókina samk. vinnuáætlun (í vikunni á undan) og leysi verkefni. Eftir því sem við á verða kynningarferðir og vettvangsskoðanir í tengslum við verkefni. Nemendur skrifi úrdrátt úr hverjum kafla að lokinni yfirferð og hafi til viðmiðunar áfangalýsingu, markmið og fjölritaðar heimildir. Þessum verkefnum skal vel fyrirkomið í vinnubók sem lögð verður m.a. til grundvallar við námsmat í lok annar.

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Skibsdampkedler (ljósrit) eftir CKC, Texti og teikningar. (ekki útgáfuár)
Annað (t.d. ítarefni)	Öryggisreglugerð vegna katla, Öryggisreglugerð vegna þrýstihylkja.

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
34-36	Ketilbúnaður bls. 15 - 35	Úrdráttur í vinnubók
37	Skipskatlar, Reykrörskatlar bls. 36 - 47	Úrdráttur í vinnubók
38-39	Vatnsrörakatlar bls. 47 - 69	Úrdráttur í vinnubók
40	Uppkeyrsla og viðhald katla bls. 70 - 106	Úrdráttur í vinnubók
41-42	Eldsneytiskerfi katla bls. 114 - 145	Úrdráttur í vinnubók
43-44	Fæðisvatnskerfi katla bls. 164 - 179	Úrdráttur í vinnubók
45	Brennslu og eimunarferill bls. 195 - 211	Úrdráttur í vinnubók
46 - 47	Ketilvatnsmeðhöndlun bls. 212 - 257	Úrdráttur í vinnubók
38 - 42	Verkefni, gufukerfi Norðurmjólkur.	Teikna kerfi.

Athugið: Með vikunúmeri er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Vélfræði 313 (VFR 313)	
	Kennsluáætlun haustönn 2010	

Annað	Lýsing
Skoðun	1. Gufukerfi Norðurmjólkur við Súluveg.
Hópvinna	Úrvinnsla skoðunarferða og verkefni tengd vikomandi kerfi.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Skriflegt lokapróf	50%
Frammistaða á önn	Mat á vetrarstarfi (Vinnubók / heimaverkefni)	50%

Við mat á vetrarstarfi er fyrst og fremst tekið tillit til eftirfarandi atriða:

- a) Nákvæmni.
- b) Frágangur og uppsetning.
- c) Stundvísi í framkvæmd og skil á verkefnum.

ATH: Nemendur sem fá minna en 4,5 á lokaprófi fá ekki vinnubók metna.

Elías Þorsteinsson.

Dagsetning: _____

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils